

AUGLÝSING

um breytingu á loftferðasamningi við Þýskaland.

Með orðsendingaskiptum í Reykjavík 5. nóvember 1991 og 31. desember 1992 var loftferðasamningi milli Íslands og Sambandslýðveldisins Þýskalands frá 12. ágúst 1959 breytt, sbr. auglýsingu í A-deild Stjórnartíðinda nr. 22/1961 þar sem samningurinn er birtur. Orðsendingaskiptin öðluðust gildi 31. desember 1992 en gildistaka breytinganna miðast við 30. september 1991.

Orðsendingaskiptin eru birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánríkisráðuneytið, Reykjavík, 31. desember 1992.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Porsteinn Ingólfsson.

Fylgiskjal.

a. Orðsending sendiráðs Sambandslýðveldisins Þýskalands.

Botschaft der Bundesrepublik Deutschland

Die Botschaft der Bundesrepublik Deutschland beehrt sich, auf die am 30. September 1991 in Bonn zwischen den Luftverkehrsbehörden der Bundesrepublik Deutschland und der Republik Island geführten Gespräche Bezug zu nehmen. Als Ergebnis der Gespräche, die die Erörterung der nach der Herstellung der deutschen Einheit geschaffenen veränderten Umstände hinsichtlich der Luftverkehrsbeziehungen zwischen den beiden Staaten zum Gegenstand hatten, wurde von beiden Delegationen ein 'Memorandum of Understanding' unterzeichnet. Auf der Grundlage dieses Memorandum of Understanding beehrt sich die Botschaft der Bundesrepublik Deutschland, dem Ministerium der Auswärtigen Angelegenheiten der Republik Island folgende Vereinbarung über die Änderung des geltenden Fluglinienplans vorzuschlagen:

I. Fluglinien, die von den von der Bundesrepublik Deutschland bezeichneten Unternehmen betrieben werden:

Punkte im Ausgangsland	Zwischenpunkte (*)	Punkte im Hoheitsgebiet von Island
Punkte im Hoheitsgebiet der Bundesrepublik Deutschland	Dänemark (Punkte) Schweden (Punkte) Norwegen (Punkte) Großbritannien (ein Punkt)	Reykjavik und ein weiterer, noch zu benennender Punkt

* Zwischenpunkte, die mit vollen fünften Freiheitsrechten bedient werden.

II. Flugliníur, sem eru notaðar af Íslandi og eru notaðar af Íslandi:

Punkte im Ausgangsland	Zwischenpunkte (*)	Punkte im Hoheitsgebiet der Bundesrep. Deutschland
Punkte im Hoheitsgebiet von Island	Norwegen (Punkte) Schweden (Punkte)	Drei beliebige Punkte im Hoheitsgebiet der Bundesrep. Deutschland mit Ausnahme von Tegel

* Es ist abgesprochen, daß volle fünfte Freiheitsrechte von den bezeichneten Unternehmen zwischen den Zwischenpunkten in Norwegen, Schweden und Dänemark und drei beliebigen Punkten im Hoheitsgebiet der Bundesrepublik Deutschland ausgeübt werden können.

Fünfte Freiheitsrechte von und nach Glasgow dürfen nur zwischen diesem Punkt und Berlin, mit Ausnahme von Tegel, ausgeübt werden.

Bei beiden Seiten bestand Einverständnis, daß der neue Fluglinienplan durch Austausch diplomatischer Noten bestätigt wird.

Falls sich die Regierung der Republik Island mit den Vorschlägen der Regierung der Bundesrepublik Deutschland einverstanden erklärt, werden diese Verbalnote und die das Einverständnis der Regierung der Republik Island zum Ausdruck bringende Antwortnote des Ministeriums der Auswärtigen Angelegenheiten eine Vereinbarung zwischen der Regierung der Bundesrepublik Deutschland und der Regierung der Republik Island bilden, die mit dem Datum der Antwortnote in Kraft tritt.

Die Botschaft der Bundesrepublik Deutschland benutzt diesen Anlaß, das Ministerium der Auswärtigen Angelegenheiten der Republik Island erneut ihrer ausgezeichnetsten Hochachtung zu versichern.

Reykjavík, den 05. November 1991

b. Svarorðsending utanríkisráðuneytisins.

Utanríkisráðuneytið leyfir sér að viðurkenna móttöku orðsendingar sendiráðs Sambandslýðveldisins Þýskalands nr. 49/91 frá 5. nóvember 1991 sem hljóðar svo í íslenskri þýðingu:

„Sendiráð Sambandslýðveldisins Þýskalands leyfir sér að vísa til viðræðna flugmálayfirvalda Sambandslýðveldisins Þýskalands og lýðveldisins Íslands sem fram fóru í Bonn 30. september 1991. Viðræðurnar, sem fjölluðu um breyttar aðstæður í flugsamgöngum milli ríkjanna eftir sameiningu Þýskalands, leiddu til þess að báðar sendinefndirnar undirrituðu sameiginlega bókun. Á grundvelli hennar leyfir sendiráð Sambandslýðveldisins Þýskalands sér að leggja til við utanríkisráðuneyti lýðveldisins Íslands að gerður verði eftirfarandi samningur um breytingar á gildandi flugáætlun:

I. Flugleiðir sem heimilaðar eru flugfélögum sem tilnefnd eru af hálfu Sambandslýðveldisins Þýskalands:

Stöðvar í landi þar sem flug hefst	Millistöðvar *)	Stöðvar á landsvæði Íslands
Stöðvar á landsvæði Sambandslýðveldisins Þýskalands	Danmörk (stöðvar) Svíþjóð (stöðvar) Noregur (stöðvar) Bretland (1 stöð)	Reykjavík og ein önnur stöð sem tilgreina skal

*) Millistöðvar sem flogið er til með fullum fimmtu flugréttindum.

II. Flugleiðir sem heimilaðar eru flugfélögum sem tilnefnd eru af hálfu Íslands:

Stöðvar í landi þar sem flug hefst	Millistöðvar *)	Stöðvar á landsvæði Sambandslýðveldisins Þýskalands
Stöðvar á landsvæði Íslands	Noregur (stöðvar) Svíþjóð (stöðvar) Danmörk (stöðvar) Glasgow	Þrjár ótilgreindar stöðvar á landsvæði Sambandslýðveldisins Þýskalands, að Tegel-flugvelli undanskildum

*) Samkomulag er um að tilnefnd flugfélög njóti fullra fimmtu flugréttinda á milli millistöðva í Noregi, Svíþjóð og Danmörku og þriggja ótilgreindra stöðva á landsvæði Sambandslýðveldisins Þýskalands.

Fimmtu flugréttindi á leiðinni til og frá Glasgow gilda einungis fyrir leiðina Glasgow – Berlín, að Tegel-flugvelli undanskildum.

Samkomulag var milli aðilanna um að hin nýja flugáætlun skyldi staðfest með orðsendingum eftir diplómatískum leiðum.

Ef ríkisstjórn lýðveldisins Íslands lýsir sig samþykka tillögum ríkisstjórnar Sambandslýðveldisins Þýskalands mun orðsending þessi ásamt svarorðsendingu utanríkisráðuneytisins um samþykki ríkisstjórnar lýðveldisins Íslands jafngilda samningi milli ríkisstjórnar Sambandslýðveldisins Þýskalands og ríkisstjórnar lýðveldisins Íslands, sem öðlast gildi sama dag og svarorðsendingin er dagsett.

Sendiráð Sambandslýðveldisins Þýskalands vottar utanríkisráðuneyti lýðveldisins Íslands virðingu sína.“

Utanríkisráðuneytið leyfir sér að tilkynna sendiráðinu að ríkisstjórn lýðveldisins Íslands geti fallist á tillögur þær sem fram koma í fyrrgreindri orðsendingu og að orðsending sendiráðsins og svarorðsending þessi jafngildi samningi milli ríkisstjórnar lýðveldisins Íslands og ríkisstjórnar Sambandslýðveldisins Þýskalands sem tekur gildi í dag.

Utanríkisráðuneytið vottar sendiráði Sambandslýðveldisins Þýskalands virðingu sína.

Utanríkisráðuneytið,
Reykjavík, 31. desember 1991

Sendiráð Sambandslýðveldisins Þýskalands
Reykjavík

AUGLÝSING

um breytingu á samkomulagi við Bretland um greiðslur vegna flugþjónustu.

Með orðsendingaskiptum í Reykjavík í dag var gengið frá breytingu á samkomulagi frá 1. desember 1982 milli Íslands og Bretlands um greiðslur vegna flugþjónustu, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 21/1982 þar sem samkomulagið er birt. Orðsendingaskiptin öðluðust gildi í dag.

Orðsendingaskiptin eru birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 31. desember 1992.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.